

**Sveitarfélagið Múlaþing**

Lyngási 12,
700 Egilsstaðir
skipulagsfulltrúi@mulathing.is


Efni: Umsögn, deiliskipulag Hafrafell

Vísað er til tölvupósts frá Múlaþingi „*Umsagnarbeiðni, deiliskipulag Hafrafell*“, frá 11.02.2022.

Hringvegur á þessum stað er stofnvegur af vegtegund C8 og þarf fjarlægð á milli tenginga, samkvæmt hönnunarreglum Vegagerðarinnar, að vera að lágmarki 400 m. Bil á milli Hafrafellsveg (929-1) og tengingar að umræddu svæði, er 300 m.

Þar sem tenging að svæðinu uppfyllir ekki veghönnunarreglur Vegagerðarinnar getur Vegagerðin ekki heimilað nýja tengingu að deiliskipulagsreit á þessu svæði en bendir á að tengja má svæðið við Hafrafellsveg (929-1) sem er héraðsvegur í umsjá Vegagerðarinnar. Nánari staðsetning og útfærsla þarf að vera í samráði við Vegagerðina. Rétt er að sett verði kvöð á nýja tengingu um að komi til frekari uppbyggingar á svæðinu verði öðrum heimilt að nýta sömu tengingu.

Mikilvægt er að gera heildarskipulag vegna tenginga við Hringveg á milli Hróarstunguvegar (925) og Hafrafellsveg (929).



Síða 1/1

Vegagerðin

Búðareyri 11-13,
730 Reyðarfirði,
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar
Daði Gils Þorsteinsson
Deildarstjóri tæknideildar austursvæði